

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

92. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 2. mars 2020, klukkan 14

Mætt eru á fundinn aðalmennirnir Ólafur E. Júlíusson, Gunnar Erlendsson og Lilja Magnúsdóttir.

1. Rætt um næstu tónleika sem menningarmálanefndin getur haldið í Skaftárhreppi í TÓNASERÍUNNI. Samþykkt að Gunnar tali við tónlistarmennina. Samþykkt að Lilja leiti eftir tilboði í auglýsingar fyrir tónleikana hjá Prentmet -Oddi á Selfossi.

Önnur mál:

Rætt um komu Leikhópsins Lottu. Samþykkt var á síðasta ári á 89. fundi Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 2. des. 2019, að leita samninga við leikhópinn, til að börn í Skaftárhreppi kæmust á sýningar. Sveitarstjóri, Sandra Brá, talaði við sveitarstjóra Mýrdalshrepps og þær gerðu samning við Leikhópinn um að vetrarsýning verði haldin í Vík á kostnað Mýrdalshrepps og sumarsýning á Kirkjubæjarklaustri á kostnað Skaftárhrepps. Gert er ráð fyrir kostnaði við sumarsýninguna í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins árið 2020.

Fundi slitið 15:30

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir

Lilja Magnúsdóttir
Gunnar Erlendsson